KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga



í trú, von og kærleika

sik.is

2. tbl. 40 árg. nóvember 2026

Kristniboð í þremur heimsálfum

Í þessu tölublaði Kristniboðsfrétta beinum við sjónum að kristniboði hér heima og erlendis. Kristniboðssambandið er bæði með kristniboða á eigin vegum og styrkir kristniboðsstarf annarra samtaka. Í öllum tilvikum er hugsjónin að vinna samhliða að boðun á Krist og sinna mannúðarstörfum og þróunarhjálp.

Líklega eru fleiri fréttir af stúlkum en drengjum í þessu blaði. Það kemur til af því að alþjóðlegur dagur stúlkubarnsins er 11. október. Þá er sjónum sérstaklega beint að stúlkubörnum og aðstæðum þeirra og röddum.

Í Keníu er stórt fjögurra ára þróunarverkefni í gangi sem styrkt er að hluta til af utanríkisráðuneytinu. Verkefnið kallast Menntun til framtíðar og stuðlar að bættu aðgengi ungmenna að menntun. Hluti þess verkefnis snýr að verndun stúlkna gegn kynfæralimlestingum og barnabrúðkaupum. Umsjónarkona þess, Jamas Murray, fékk heiðursverðlaun á degi kennara í október síðastliðnum.

Á sama svæði í Pókot í Keníu starfa heimamenn við erfiðar aðstæður við kristniboð. Þeir eru knúnir áfram af brennandi löngun til þess að boða góða umbreytandi boðskapinn um Jesú.

Í Eþíópíu var verið að opna nýtt húsnæði samtakanna My Sisters sem gerir þeim kleift að sinna tvöfalt fleiri skjólstæðingum en hingað til.

Í Japan búa og starfa Leifur og Katsuko Sigurðsson kristniboðar. Þar í landi gjörólíkrar menningar er einmanaleiki og einangrun vaxandi vandamál. Þá er gott að geta boðað persónulegan kærleiksríkan Guð sem leitar eftir samfélagi við mannkynið eins og Katsuko kemur inn á í hugleiðingu sinni.



Kristniboðssambandið er aðili að sjónvarpsstöðvunum SAT-7 og PAK-7 sem senda út til Mið-Austurlanda og Norður-Afríku, en SAT-7 fagnar 30 ára afmæli sínu á þessu ári. Á þessum 30 árum hefur SAT-7 staðið fyrir metnaðarfullu fjölmiðlastarfi bæði fyrir börn og fullorðna. Áhorfendur stöðvarinnar vitna um umbreytandi áhrif við það að meðtaka gjöf Guðs, Jesú Krist, og hvernig trúin á hann rekur út ótta jafnvel á tímum ófriðar og óöryggis.

Hér heima felst starf Kristniboðssambandsins í grasrótarstarfi sem rekið er áfram af sjálfboðaliðum. Starfandi eru nokkur kristniboðsfélög sem standa fyrir fjáröflun fyrir starfið og halda því uppi með bænum sínum. Auk þess er boðið upp á margs konar samkomuhald, fræðslu, Alfa-námskeið og unglingastarf. Nánar má lesa um það á sik.is.

Í sal Kristniboðssambandsins á Háaleitisbraut er boðið upp á ókeypis íslenskukennslu fyrir útlendinga tvisvar í viku. Fjölmargir hafa nýtt sér þá þjónustu frá því hún hófst haustið 2015. Í blaðinu eru gefnar svipmyndir af sjálfboðaliðunum sem sinna henni þetta haustið.

Ég hvet ykkur til að taka þátt í starfinu með þátttöku, gjöfum og fyrirbænum.

Sigríður Schram

Kristniboðsfréttir

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, SÍK.

Blaðið Kristniboðsfréttir segir frá kristniboðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniboð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Hægt er að skrá áskrift með því að hafa samband við skrifstofu SÍK í síma 533 4900 eða með rafpósti til sik@sik.is – annaðhvort prentaða útgáfu í almennum pósti eða með rafrænum hætti á rafpóstfang viðtakanda. Áskrift er ókeypis!

Ritstjóri: Sigríður Schram.

Útlit og uppsetning: Hugrún Lena Hansdóttir.

Prófarkalestur: Ásta Björg Þorbjörnsdóttir.

Forsíða: Bryndís Róbertsdóttir. Frá vorferð íslenskukennslunnar.

Prentun: Prentun - Leturprent.

Útgefandi er Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK), oft nefnt Kristniboðssambandið, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík.

Sími: 5334900. Rafpóstur: sik@sik.is Vefslóð: www.sik.is

Framkvæmdastjóri er Sigríður Schram.

Hvað er kristniboð?

Kristniboð snýst um að gera Jesú Krist þekktan meðal þjóðanna með því að boða fagnaðarerindið um hann og sýna fólki kærleika Guðs í verki með kærleiksþjónustu sem veitt er án nokkurra skilyrða og nokkurra þvingana. Þannig hefur fólki verið hjálpað með ýmsum hætti á sviði heilsuverndar og heilsugæslu, menntunar og skólastarfs, fræðslu um umhverfismál, trjárækt og sjálfbærni, með valdeflingu kvenna o.fl. SÍK tekur þátt í ýmsum verkefnum í Eþíópíu og Keníu með fjárframlögum og ráðgjöf og er með kristniboða í Japan. Með þátttöku í öflugu fjölmiðlastarfi fær fjöldi fólks tækifæri til að kynnast Jesú Kristi í Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku, Pakistan og Kína. Hagnýt ráð og hjálp veitir von og styrk.
Á Íslandi er boðunar- og fræðslustarf á samkomum og fundum, með útgáfu lesefnis og birtingu á netinu. SÍK býður útlendingum ókeypis íslenskukennslu.

Fjármál

Starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks, fjáröflun og sölu á nytjamarkaði Basarsins. Þjóðkirkjan styður starfið með árlegu framlagi, utanríkisráðuneytið styrkir afmörkuð verkefni eftir umsókn og Rannís íslenskukennslu fyrir útlendinga.
Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2800 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er um 130 milljónir á þessu ári. Nú eru gjafir að upphæð 10.000 til 350.000 á ári frádráttarbærar til skatts.

Íslenskukennslan

Alla þriðjudags- og fimmtudagsmorgna yfir vetrartímann fyllist Kristniboðssalurinn af útlendingum sem eru að læra íslensku og sjálfboðaliðum sem kenna þeim. Í hópnum eru þrautreyndir kennarar af öllum skólastigum, prestar, helsti sérfræðingur landsins í lestrarkennslu, tölvunarfræðingur og leikari. Öll eru þau miklir gleðigjafar og sjá til þess að nemendunum finnist þeir velkomnir og tilheyri.

Séra Pétur Þorsteinsson leikur undir fjöldasöng og lætur alla sprikla með.

Ásta Þorbjörnsdóttir tölvunarfræðingur hellir upp á dýrindis kaffi og skapar með því heimilislegt og notalegt andrúmsloft.

Guðný Jónsdóttir myndlistarkennari heldur listilega utan um hóp nemenda frá Mið-Austurlöndum.

Sigríður Jóhannsdóttir íslenskukennari leggur níðþungar beygingaræfingar fyrir þá sem lengst eru komnir í náminu.

Ásdís Hallgrímsdóttir leikskóla- og grunnskólakennari sleppir engum við að æfa rétt málhljóð, enda er hún einn helsti sérfræðingur landsins í PALS-lestrarkennsluaðferðinni.

Lilja Björk Jónsdóttir kennari þrælar sínu fólki í gegnum sögur og frásagnir fyrir lengra komna.

Séra Bryndís Böðvarsdóttir heldur utan um alla kennsluna styrkri hendi og kennir stórum hópi afganskra kvenna.

Þóra Harðardóttir kennari er nýkomin í hópinn og vílar ekki fyrir sér að kenna hvaða hópi sem er.

Þráinn Sigvaldason kennari hikar ekki við að taka stutta leikþætti á sviðinu til að skýra út námsefnið auk þess að kenna hópi áhugasamra nemenda frá ýmsum heimshornum.

Bryndís Róbertsdóttir ritari SÍK heldur styrkum höndum utan um skráningu og mætingu og elskar fólkið.

Jósef Kristjánsson rak áratugum saman farsælt fyrirtæki og kann því ýmislegt fyrir sér í mannlegum samskiptum. Hann sýnir byrjendum mikla þolinmæði og hlýju.

Christina Rodriguez, sem í sakleysi sínu kom til að læra íslensku, er farin að kenna byrjendum og rúllar því upp.







„Ég get heilsað öllum á þeirra eigin tungumáli“

Mikilvægt er ævinlega fyrir sérhvern þann sem ætlar sér að setjast að í nýju landi að tala mál þess lands. Þannig er líklegt að honum vegni mun betur og hann eigi auðveldara með að aðlagast menningu, umhverfi og öllu því sem málið er lykill að. Í starfi hjá Óháða söfnuðinum gafst ekki tækifæri til að hafa samband við útlendinga í nágrenni kirkjunnar, þar sem félagar Óháða geta verið hvar sem er á landinu.

Auðveldara er fyrir hverfiskirkjur að bjóða þeim sem búa nálægt viðkomandi hverfiskirkju að koma til samfélagseflingar.

Þess vegna er ég að bæta aðeins fyrir að hafa ekki haft þessa aðstöðu sem hverfiskirkjurnar hafa. Ég er núna að kenna minn annan vetur í Kristniboðssalnum. Ég kenni þeim sem eru algerir byrjendur og geta ekki einu sinni talað ensku til að tjá sig eða spyrja eða við að leiðbeina þeim. Einhvern veginn samt bjargast þetta, enda er aðeins farið í það helsta sem útlendingar eru spurðir um, kennitölu, símanúmer, heimilisfang og flest það sem kerfið fer fram á að menn hafi til þess að geta komist inn í hið helsta í íslensku samfélagi og síðar meir orðið að hluta samfélagsins.

Á Elliheimilinu Grund, þar sem ég er enn verandi æskulýðsleiðtogi, eru töluð tæplega 20 tungumál. Ég get heilsað öllum á þeirra eigin tungumáli. Það er viss virðing fyrir útlendingunum að maður leggi sig fram um að vita hvaðan þeir koma og nenni að læra að heilsa þeim á frummálinu. Yfirleitt kallar það fram bros hjá viðkomandi þegar þeir svara til baka á sínu eigin tungumáli.

Pétur Þorsteinsson

Jólabasar

Kristniboðsfélags kvenna

14. nóvember 2026

kl. 13-17

Háaleitisbraut 58-60, 3. hæð



Happdrætti



Handavinna



Bakkelsi



Vöfflur



Heitt kakó

Allur ágóði rennur til kristniboðsstarfsins

Verið hjartanlega velkomin!

„Ein besta ferð sem ég hef farið í“

Eins og undanfarin ár fóru nokkur íslensk ungmenni á landsmót æskulýðshreyfingar norska Kristniboðssambandsins (Misjonssambandet Ung) sem fram fór í Stavanger 8.–13. júlí sl. Karitas Kristjánsdóttir var ein af þeim og segir hér frá.







Þessi ferð var mögulega ein af þeim bestu sem ég hef farið í. Við fórum fimm út ásamt Birni Inga Árdal og Ástu Björk Ólafsdóttur. Ferðalagið var mjög langt en algjörlega þess virði.

Mótið var haldið í Lyngdal í Noregi í kristnum heimavistarskóla. Bærinn er mjög lítill svo við vorum bara á mótssvæðinu allan tímann.

Það var svo kröftugt að sjá alla þessa unglinga (líklega 3000 krakkar) lofa Guð saman. Fyrir utan fjöldann var þetta ekkert svo ólíkt því sem við höfum hér heima, samkomur voru með lofgjörð, prédikun og aftur lofgjörð. Stundum voru líka skemmtiatriði. Yfir mótið var hægt að fara á alls konar seminör. Ef maður fór ekki á seminör var hægt að skrá sig í alls konar skemmtiferðir, m.a. brimbretti, paintball o.fl. Við fórum allar á brimbretti og það var mjög skemmtilegt.

Það sem stóð mikið upp úr hjá mér var líklega síðasta prédikunin, þá var talað um himnaríki og hvernig það lítur út. Það er svo kúl að hugsa út í það að við fáum bara að vera með Guði, og alltaf!

Þessi aðstaða var miklu betri en í fyrra þar sem núna var þetta bara allt á einum stað og allir að gista á sama svæði. Í fyrra kynntumst við eiginlega ekki neinum en núna í ár vorum við oft að tala við nýja krakka á hverju kvöldi og fengum að kynnast öllum. Eina nóttina vorum við vakandi til hálf sex um morguninn að tala við krakka.

Það að fá að fara á þetta mót er klárlega gjöf frá Guði sem ég er óendanlega þakklát fyrir og ofan á það fékk ég að fara með bestu vinkonu minni. Hægt er að segja að við komum heim með ótrúlega margar minningar, meiri vitund og með Guð í hjarta.

Karitas Kristjánsdóttir

Basarinn
– nytjamarkaður og kærleiksþjónusta

Basarinn er nytjamarkaður Kristniboðssambandsins í Austurveri. Þar tökum við á móti ýmsum varningi, svo sem fatnaði, skrautmunum, bókum, geisladiskum og DVD-diskum, og gefum honum nýtt hlutverk hjá nýjum eigendum.

Við erum þakklát fyrir gjafirnar sem okkur berast og biðjum gefendur að hjálpa okkur að vanda valið. Þar sem við þurfum að greiða fyrir förgun þess sem ekki nýtist biðjum við ykkur að flokka og yfirfara hlutina áður en þið komið með þá til okkar.

Móttaka er á Basarnum virka daga kl. 12–14.

Hvað viljum við fá á Basarinn?

- Við tökum með þökkum við eftirfarandi: Hreinum og heilum fatnaði fyrir fullorðna, með þeim undantekningum sem taldar eru upp hér að neðan.
- Heilum og hreinum eldhúsmunum, hnífapörum og stellum.
- Hreinum og heilum gjafavörum, styttum og vösum.
- Geisladiskum og DVD-diskum.

Bækur á íslensku:

- Ævisögur útgefnar á þessari öld.
- Íslensk skáldverk, bæði innbundnar bækur og kiljur.
- Þýdd skáldverk í kiljuformi.
- Bækur um þjóðlegan fróðleik, sagnfræði og ættfræði.
- Ljóðabækur.

Bækur á ensku:

- Eingöngu kiljur.

Við tökum ekki við bómullarbolum, nærfötum, notuðum sokkum, barnafatnaði eða leikföngum.

Jólin nálgast

Nú er jólavertíðin að hefjast og við erum byrjuð að setja fram jólaskraut og ýmsa aðra jólamuni. Ef þú átt jóladót sem þú vilt gefa áfram tökum við því fagnandi. Þannig geta hlutirnir öðlast nýtt líf og glatt fleiri.

Okkur er gefið til að miðla til annarra

Það sem veitir okkur mesta gleði í starfinu á Basarnum er að gleðja viðskiptavini og







aðra sem til okkar koma. Okkur er gefið til að miðla til annarra, bæði því sem við tökum á móti og þeim kærleika sem við sjálf njótum.

Mannleg samskipti og vitnisburður eru meðal mikilvægustu þátta starfsins. Nánast á hverjum degi gefst okkur tækifæri til að mæta fólki sem er statt á ólíkum stöðum á lífsleiðinni, hlusta og eiga við það samtal.

Fyrirbænin er sú þjónusta sem okkur þykir hvað vænst um að fá að veita. Margir hafa komið til okkar og beðið um fyrirbæn fyrir sjálfum sér, fjölskyldumeðlimum eða vinum. Það að fá að vitna um Krist og uppörva samferðafólk okkar er líka stór og dýrmætur hluti starfsins.

Um daginn kom maður inn og sagði: „Kalli, það er svo gott að koma og spjalla. Þið eruð svo góður vitnisburður um Jesú! Ég veit ekki hvar ég væri án hans."

Í framhaldinu ræddum við hversu mikilvægt það er að horfa upp og beina sjónum okkar að honum sem gaf sjálfan sig fyrir okkur. Hans sem segir: Ég skóp þig á einstakan hátt og elska þig, eins og þú ert!

Þegar við fáum að vera verkfæri kærleika hans og Kristur fær að nota okkur til að uppörva og hughreysta samferðafólk okkar þá vitum við að við erum að gera rétt.

Þjónustan á Basarnum er kærleiksþjónusta. Ósk okkar er ætíð sú að við mættum vera eins og fingurgómar Guðs og snerta með kærleika hans líf þeirra sem til okkar koma.

Karl Jónas Gíslason







Guð er raunverulegur

Leifur Sigurðsson kristniboði skrifar frá Rokko-eyju í Kobe í Japan.

TEENS er æskulýðsstarf safnaðarins á Rokko-eyju í Kobe. Yuto Yamakawa var þegar farinn að taka þátt í starfinu þegar við Katsuko komum þangað árið 2015. Fyrir okkar daga starfaði þar Live Bakke, kristniboði á vegum NLM, og Yuto þekkti hana vel. Hann tók þátt í TEENS í mörg ár áður en hann varð sjálfur kristinn. Þegar hann lauk framhaldsskóla árið 2020 skall kórónuveirufaraldurinn á og fyrirhugað nám í Bandaríkjunum varð að bíða. Hann fór að vinna og við hittumst til að lesa saman í Biblíunni og biðja. Árið 2023 eignaðist hann trú. Hann kvæntist haustið 2025 og í september 2026 eignuðust þau hjónin sitt fyrsta barn. Hér ræði ég við hann.

Hvar ólstu upp og hvernig var líf þitt áður en þú varðst kristinn?

Ég ólst upp í Kobe. Það var allt í óreiðu hjá mér. Ég lifði fyrir peninga og sjálfan mig. Mínar eigin langanir gengu alltaf fyrir.

Við drukkum ófáa kaffibollana saman á þessum árum. Hvað varð til þess að þú færðist nær trúnni?

Það var svo notalegt að sitja með þér á kaffihúsi. Þú sagðir mér alltaf frá fagnaðarerindinu og við lásum saman í Biblíunni. Þú baðst fyrir því sem ég var að glíma við og erfiðleikunum í samskiptum mínum við mömmu. Fyrir bænasvör lét hún skírast og það greiddist úr vandanum.

Svo fórstu að sækja söfnuð hér í Kobe og lést skírast. Hvað gerðist þar?

Þar var svo margt fólk og allir, bæði unga fólkið og þeir eldri, reyndu að segja mér frá Jesú. Eftir að hafa komið þangað nokkrum sinnum áttaði ég mig á því að það sem þú hafðir sagt mér var satt og að Guð er raunverulegur.

Hvað hefur breyst í daglegu lífi þínu?

Áður en við förum í vinnuna lesum við hjónin saman í Biblíunni og biðjum. Guð heyrir alltaf bænir okkar. Frá því að ég lét skírast hefur Guð blessað mig í starfi. Þetta er mikil breyting fyrir mig.

Á hvað trúir þú? Hvernig myndirðu útskýra fagnaðarerindið ef einhver spyrði þig?

Ég trúi á Guð og það sem stendur í Biblíunni. Það er eins og að leita til læknis þegar maður er veikur, jafnvel þótt það sé ekki mikið að. Það er alltaf mikilvægt að fylgja einhverjum sem hjálpar manni að vera glaður og heilbrigður. Guð gefur eilíft líf, svör og góð ráð um hvernig við eigum að lifa dag hvern. Þess vegna leita ég alltaf til hans og spyr hann ráða. Ég vil vera í honum. Það er lykillinn að góðu og heilbrigðu lífi.

Margir telja að trúarhefðir séu sterkar í Japan og að þar ríki óbeinn þrýstingur um að falla í hópinn. Hvernig er að vera kristinn hér?

Sjálfur hef ég aldrei fundið fyrir slíkum þrýstingi eða sterkum áhrifum trúarhefða. Ég ólst upp í alþjóðlegri borg þar sem ekki var mikið um fasta siði og hefðir.

Kristið fólk er lítill minnihluti í Japan. Hvernig finnurðu fyrir því í samskiptum við fjölskyldu, vini og vinnufélaga?

Þau hafa engan áhuga á trúarbrögðum. Þau fara í hofið um áramótin en viku áður halda þau jól. Allt sem tengist trú gera þau bara sér til skemmtunar.

Þú kvæntist haustið 2025 og í september eignuðust þið ykkar fyrsta barn. Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að stofna fjölskyldu sem kristinn maður í Japan?

Það skiptir mig miklu máli. Ég vil byggja upp kristna fjölskyldu þar sem allir fylgja Jesú og Biblíunni. Það væri svo dásamlegt. Ég vil kenna barninu mínu að meta það sem Biblían segir að sé gott, fremur en það sem heimurinn kallar gott. Til þess þarf ég sjálfur að lesa sífellt meira í Biblíunni.

Sumir á Íslandi hafa stutt kristniboðið í Asíu lengur en þú hefur lifað. Hvað viltu segja við þá?

Mig langar að heyra um trú ykkar á Guð. Það myndi gleðja mig mikið ef við gætum einhvern daginn deilt trúarreynslu okkar hvert með öðru.

Hugsaðu til baka til unglingsins sem mætti í TEENS í fyrsta sinn. Hvað myndirðu segja við hann í dag?

„Eigum við að fá okkur kaffi eða skreppa á McDonald's?"

Um TEENS

TEENS hittist fyrsta og þriðja sunnudagskvöld hvers mánaðar frá kl. 19:00 til 20:30. Áður hittumst við á föstudagskvöldum, en japanskir unglingar hafa mikið að gera. Sumir eru í skóla á laugardögum og sinna félags- og tómstundastarfi á sunnudögum. Nú eru um sex ungmenni sem mæta reglulega, fjögur japönsk og tvö finnsk. Auk þeirra líta aðrir við af og til. Ég leiði samverurnar og oft aðstoðar ungur sjálfboðaliði, sem dvelur hér í eitt ár, við leiki og annað starf. Um þessar mundir leggjum við mesta áherslu á að styrkja unga kristna í trúnni, en okkur langar líka að ná til þeirra sem þekkja Jesú ekki enn.

Í nóvember 2025 komu átta japönsk ungmenni úr söfnuðinum okkar og nágrannasöfnuðunum saman með sex norskum nemendum til kvöldstundar í kirkjunni á Rokko-eyju. Þar sagði Yuto frá því hvernig Jesús hefði breytt lífi hans, leitt hann úr vonleysi til vonar og úr einsemd inn í fjölskyldu Krists.

Biðjið gjarnan fyrir því að TEENS nái betri tengslum við önnur ungmenni á Rokko-eyju.



Yuto Yamakawa

„Ég var alla ævi hrædd um að mér yrði refsað“

Hugleiðing flutt á kristniboðsráðstefnu í Hiruzen, haustið 2026



Á einni af samverustundunum okkar hér sagði ég frá því hvernig ég varð kristin. Í stuttu máli fæddist ég ekki inn í kristna fjölskyldu, en ég kynntist Jesú þegar ég var í tungumálaskóla á Englandi og ákvað að trúa á hann. Sex mánuðum síðar sneri ég aftur til Japans.

Í dag langar mig að segja ykkur frá því hvernig viðhorf mitt til eins breyttist þegar ég varð kristin. Það er viðhorf mitt til búddalíkneskja, ojizou-san-stytta og fyrirbæra í náttúrunni sem tilbeðnir eru.

Ég trúði því áður að í þeim byggju guðir eða andar og var hrædd um að þeir myndu refsa mér (bachi ga ataru) ef ég gerði eitthvað sem þeim mislíkaði.

Búddalíkneski af ýmsum gerðum eru í búddahofum og stundum líka í shintó-helgidómum. Fjölskylda mín heimsótti hof aðeins öðru hverju. Við fórum til dæmis á nýársdag, eins og margir Japanir gera. Við fórum einnig þegar okkur lá mikið á hjarta: þegar við óskuðum eftir velgengni í rekstri foreldra minna, betri heilsu eða góðum árangri í inntökuprófunum sem við bróðir minn vorum að undirbúa okkur fyrir.

Ég vissi ekki, eða réttara sagt hugsaði ég ekki mikið um, hvort þessi líkneski væru guðir. En þau voru tilbeðin og þegar okkur lá mikið á hjarta báðum við til þeirra um að óskir okkar rættust. Mér fannst ég líka þurfa að haga mér vel og sýna tilhlýðilega virðingu frammi fyrir líkneskjunum, því annars yrði mér refsað (bachi ga ataru).

Ég veit ekki hvort þið vitið hvað ojizou-san er. Þetta eru steinstyttur sem líkjast einföldum munkum og bera rauða húfu eða rauðan hálsklút. Sumar eru háar og aðrar litlar. Þær standa oft við göngustíga, stundum einar sér en stundum margar saman. Í stórborg eins og Kobe sjáið þið kannski ekki margar ojizou-san-styttur við göturnar en ég held að nokkrar séu við gönguleiðir á fjöllum. Í sveitinni þar sem ég ólst upp voru þær alls staðar: við leiðina í skólann, við litlar götur og við hrísgrjónaakrana.

Ég hélt ekki að ojizou-san væru guðir en ég trúði því að í þeim byggju andar. Þess vegna gat ég ekki bara gengið fram hjá þeim og látið sem ég sæi þær ekki. Ég hneigði mig þegar ég gekk fram hjá. Mér fannst ég þurfa að sýna næga virðingu því annars yrði mér refsað (bachi ga ataru).

Svo voru það fyrirbærin í náttúrunni. Þið þekkið öll shintótrú og vitið að þar eru mjög margir guðir, því þeir búa í náttúrunni, í hlutum og í dýrum. Það er ríkt í hugsun okkar að guðir séu alls staðar. Þetta má sjá í Ghibli-myndum eins og Mononoke prinsessu (Princess Mononoke) og Chihiro og álögin (Spirited Away). Þar breytast ýmis fyrirbæri í náttúrunni, dýr og hlutir í guði eða anda.

Ég get nefnt dæmi. Þegar ég var í menntaskóla gaf einhver frá Gídeon-félaginu mér Nýja testamentið. Ég var ekki kristin þá og vildi því ekki eiga það, heldur bara losna við það. En ég trúði því að þessi kristna bók hlyti að vera heilög og að guð byggi í henni. Ég hélt að mér yrði refsað ef ég henti henni.

Annað dæmi eru dúkkurnar mínar. Þegar ég varð unglingur hafði ég ekki lengur þörf fyrir þær, en þorði ekki að henda þeim því ég vildi ekki að dúkkuguðirnir refsuðu mér.

Í Japan eru meira að segja haldnar sérstakar kveðjuathafnir fyrir dúkkur áður en þeim er hent (ningyou kuyou). Það eru auðvitað líka haldnar slíkar athafnir fyrir aðra hluti. Fólk trúir því að dúkkur sem leikið hefur verið með verði að guðum. Þess vegna er haldin athöfn til að sýna þeim þakklæti og virðingu áður en þeim er hent.

Ég trúði því að guðir væru allt í kringum mig og að ég þyrfti að gera hlutina rétt og fara vel með þá til að sýna næga virðingu. Ef ég gerði það ekki trúði ég að mér yrði refsað.

En þegar ég kom aftur frá Englandi, eftir að ég hafði tekið trú á Jesú, sá ég þetta allt í allt öðru ljósi. Augu mín höfðu opnast. Stytturnar, ojizou-san og hlutirnir eru bara hlutir sem fólk hefur búið til. Það búa engir guðir eða andar í þeim. Og náttúran er sköpunarverk Guðs. Hún er ekki Guð.

Ég þarf ekki lengur að óttast þetta. Ég varð svo hissa þegar ég uppgötvaði að ég var ekki lengur hrædd! Ég fann fyrir svo miklu frelsi, ég var laus undan óttanum. Í stað ótta fann ég nú fyrir öryggi og vissi að mér var sýnd umhyggja og að ég var elskuð.

Guð okkar er ekki þægilegur guð sem við leitum til til að fá óskir okkar uppfylltar, eins og búddalíkneskin sem ég bað til. Guð er persóna. Hann vill eiga samband við okkur.

Vegna þess að Guð er persóna getum við kynnst honum. Við heyrum orð hans í Biblíunni, við tölum við hann í bæn og við vitum hvað hann hefur gert fyrir okkur.

Áður en ég varð kristin hugsaði ég ekki einu sinni um hvort búddalíkneskin, ojizou-san eða náttúran hefðu persónuleika. Þau voru bara ógnvekjandi verur. Það eina sem skipti mig máli var að sýna næga virðingu.

En Guð okkar býr í okkur sem heilagur andi. Hann er besti vinur okkar og faðir okkar á himnum.

Og þetta er það besta af öllu: Ég var alla ævi hrædd um að mér yrði refsað, bachi ga ataru. En Jesús tók refsinguna á sig fyrir mig. Þegar hann dó á krossinum bar hann allt það ranga sem ég hef gert. Þess vegna þarf ég ekki heldur að óttast Guð. Hann bíður ekki eftir að refsa mér. Hann er faðir minn og hann elskar mig.

Í Biblíunni segir: „Ótti er ekki til í elskunni, heldur rekur hin fullkomna elska óttann út“ (1. Jóhannesarbréf 4:18).

Börnin góð, ef þið verðið einhvern tíma hrædd, munið þá þetta: Þið getið talað við Guð eins og föður sem elskar ykkur.

Margir í kringum okkur hér í Japan lifa enn við sama ótta og ég gerði. Biðjið þess að þeir fái líka að kynnast þessum föður og öðlist frelsi, rétt eins og ég.

Katsuko Sigurðsson

Heiðursverðlaun fyrir störf í þágu stúlkna

Þróunarverkefnið Menntun til framtíðar í Pókot

Þann 5. október sl., á degi kennara, bárust okkur einstaklega góðar fréttir frá Pókot í Kenýu. Okkar frábæri kristniboði og baráttukona Jamas Murray hlaut heiðursverðlaun á degi kennara í Keníu í flokki þeirra fulltrúa er barist hafa fyrir barnavernd eða „National Honour Award in the Child Protection Campion category."

Viðurkenninguna hlýtur Murray fyrir sín ómetanlegu störf í þágu stúlkna, menntun þeirra ásamt baráttu sinni gegn barnabrúðkaupum, kynfæralimlestingum (FMG) og kynbundnu ofbeldi. SÍK hefur verið stoltur stuðningsaðili að þessu verkefni hennar allt frá því að hún stofnaði samtökin Blossom Beyond Borders til verndar stúlkum nú á síðasta ári.

Jamas Murray er skólastjóri í framhaldsskólanum Propoi Girl's Secondary School en sá skóli er við Chapareria í Pókot í Keníu. Út frá störfum sínum sem kennari fann Murray að eitthvað yrði að gera til að veita stúlkum vernd og stuðning gegn barnabrúðkaupum, kynfæralimlestingum (FGM) og kynbundnu ofbeldi.

Í skólafríum í Pókot í Keníu eiga margar stúlkur á hættu að vera seldar í barnabrúðkaup sökum bágrar fjárhagsstöðu fjölskyldunnar. Einnig er það víða rótgróin hefð að „umskera" stúlkur, þótt það sé ólöglegt í Keníu. Murray gat ekki setið hjá vitandi af þessum skelfilegu örlögum stúlknanna. Hún vildi því stofna stúlkum öruggt skjól sem forðað gæti þeim frá þessum ógnum.

Stjórn SÍK tók þá ákvörðun um að styrkja þetta mikilvæga mál. Undir starfsemina leigir hún hús íslensku kristniboðanna í Cheparera. Heimilið kallar hún „Ragnars Shield" sem mætti þýða sem „Skjól eða skjöldur Ragnars". Það hús hefur hýst marga af okkar íslensku kristniboðum en Skúli Svavarsson kristniboði er sá sem byggði húsið á sínum tíma. Nú er þetta sama hús þessum stúlkum öruggt skjól.

SÍK styrkir þetta dýrmæta starf hennar með ykkar stuðningi ásamt styrk frá utanríkisráðuneytinu. Þessi verðlaun sem hún hlaut á degi kennara eru mikill heiður og viðurkenning á hennar frábæru störfum. Endurspegla þau einnig þakklæti okkar og traust til Jamas Murrey og hennar starfa í þágu barna sem hún stýrir af mikilli fagmennsku og kærleika.

Við látum hér fylgja smá brot úr grein Murray þar sem hún talar um að geta ekki setið hjá sem kennari. Hún hafi mikla trú á skólum og skólakerfinu en núna sjái hún það sem hluta af stærra samhengi því fleira þurfi til. Að oft sé það besta sem kennari geti gert til að styðja við menntun stúlkna það sem hann gerir fyrir utan skólastofuna:

„Stundum er það samtal við fjölskyldu stúlkunnar. Stundum er það að skilja hvað er að gerast í hennar samfélagi. Stundum er það að skapa öruggt athvarf fyrir hana á skólafrídögum. Stundum er það að tala við einhvern sem getur hjálpað. Stundum er það einfaldlega það að taka eftir.

Ef til vill er það þetta sem þessir tveir heimar vildu að ég lærði allan tímann (skólinn og heimurinn utan hans). Menntun er ekki aðeins það sem gerist innan veggja skólans. Hún snýst einnig um það hvort barnið geti mætt í skólann. Hvort stúlkunni finnist hún nógu örugg til að læra. Hvort hún hafi stuðninginn til að



halda áfram. Hvort kringumstæður hennar leyfi henni að sjá fyrir sér framtíð. Að þegar hún yfirgefi skólastofuna taki við samfélag sem vilji gera þá framtíð að möguleika.

Ég er enn skólastjóri. Ég á enn djúpar rætur í menntun. En ég er orðinn kennari sem neitar að láta staðar numið við skólahliðið. Því stundum, til að vernda rétt stúlkna til menntunar, þá þarftu að vilja ganga handan við hliðið. Og ef til vill er það þar sem ég hef fundið djúpstæðasta tilganginn með störfum mínum. Ekki með því að velja á milli skólans og samfélagsins heldur með því að skilja að stúlkan þarf þetta hvort tveggja."

jamasmurray.substack.com/p/an-educator-who-refused-to-stop-at?utm_campaign=post-expanded-share&utm_medium=web


Færslurnar hennar á Facebook eru afar innihaldsríkar og áhugaverðar fyrir þau sem vilja fylgjast með fréttum af störfum hennar: facebook.com/jamas.murray

Bryndís Böðvarsdóttir



„Í landi þar sem alltaf
er vetur en aldrei nein
jól...

... þar til fjögur börn
troða sér inn í fataskáp
í okkar heimi og inn í
Narníu og breyta
heiminum til frambúðar“



HTTPS://SALTFORLAG.IS/VARA/NARNIA/

SAT-7 og PAK-7

Kristniboðssambandið er aðlili að sjónvarpsstöðinni SAT-7 sem sendir út til Mið-Austurlanda og Norður-Afríku og PAK-7 til Pakistan. Stöðvarnar eru gagnvirkar stöðvar að því leyti að áhorfendur hafa ýmsar leiðir til að vera í sambandi við þáttastjórnendur og starfsmenn stöðvanna.



Stúlkur mega hafa rödd

Alþjóðlegur dagur stúlkubarnsins er haldinn 11. október. Þá er stúlkum fagnað, röddum þeirra komið á framfæri og réttindum þeirra haldið á lofti. Í tilefni dagsins höfðu fjölmargar stúlkur samband við SAT-7 og tjáðu þakklæti sitt. Þær upplifa að þar fái þær öruggan vettvang til að tjá sig og að á þær sé hlustað.

Í Líbanon búa rúmlega 770.000 börn við aukna vanlíðan vegna ofbeldis, missis og þess að hafa þurft að flýja heimili sín.

Á þessum erfiðu tímum sækir Rawya huggun í þáttinn Jesús, styrkur okkar á SAT-7 KIDS: „Þið vitið nákvæmlega hvað við erum að ganga í gegnum. Þegar við erum leið eða einmana horfum við á þáttinn ykkar og fáum kraftinn aftur, því allt sem þið segið er svo satt," segir Rawya, ung stúlka frá Líbanon.

Víða í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku halda átök, flótti, fátækt og mismunun áfram að skerða lífsgæði og framtíðarmöguleika stúlkna. UNICEF áætlar að að minnsta kosti 30 milljónir barna á svæðinu séu utan skóla. Þá hafi nærri 40 milljónir stúlkna og kvenna verið gefnar í hjónaband fyrir átján ára aldur.

„Þegar við tölum við stúlkur verður okkur oft ljóst að þær glíma við meira en þær eiga auðvelt með að setja í orð," segir Marianne Awaraji, sem stýrir stuðningsþjónustu við áhorfendur.

„Hér á svæðinu alast stúlkur gjarnan upp við miklar væntingar um hvernig þær eigi að haga sér, hvað þær megi segja og hvað eigi að vera einkamál. Skömm, sektarkennd og ótti við álit annarra geta gert þeim erfitt fyrir að tala opinskátt um líðan sína og erfiðleika. Kristnar fjölskyldur eru heldur ekki sjálfkrafa lausar undan þessum menningarlega þrýstingi."

Með þáttum sínum og stuðningi við áhorfendur gefur SAT-7 stúlkum færi á að tala um það sem þær óttast, spyrja spurninga, deila bænarefnum og segja frá eigin reynslu.

„Við bjóðum stúlkum ekki aðeins upp á kristilegt efni. Við veitum þeim líka öruggt rými til að tala, spyrja, biðja og tjá tilfinningar sínar, í þeirri vissu að einhver hlusti," segir Marianne. „Við getum ekki lofað að aðstæður þeirra breytist strax, en við getum flutt þeim þessi mikilvægu skilaboð: ‚Þú ert ekki ein og Guð hefur ekki gleymt þér'"

Starfsfólk SAT-7 sem sinnir stuðningi við áhorfendur getur, eftir þörfum hverrar stúlku, beðið með henni, veitt henni hvatningu og bent á kristilegt efni, gefið hagnýt ráð eða vísað henni á frekari aðstoð.

Við skulum minnast stúlkna í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku, hjálpa röddum þeirra að heyrast og biðja þess að þær fái að blómstra í lífi sínu og trú.

Sat7.org. (2026, 9. okt.) When girls are heard. sat7.org/when-girls-are-heard/

Fjölmiðlaskóli PAK-7

Framleiðsluteymi PAK-7 eru skipuð kristnu heimafólki. Það framleiðir vandað efni sem sent er út um allt land með sjónvarpsrásum og samfélagsmiðlum. Markmiðið er að miðla kærleika Guðs á skapandi og grípandi hátt. PAK-7 býður einnig kristnu fólki í landinu þjálfun í fjölmiðlagerð og aðstoð við að stofna eigin fjölmiðlafyrirtæki.

Á hverju sumri býður PAK-7 um 20 ungum kristnum Pakistönum til tíu vikna náms í fjölmiðlagerð í fjallabænum Murree. Þar læra þau að skrifa handrit, taka upp og klippa. Að námi loknu fá sum þeirra tækifæri til að starfa með teymi PAK-7 í eitt ár.

Haustið 2026 hófu níu þeirra starfsnám hjá PAK-7. Eitt þeirra hefur fyrstu vikurnar unnið að undirbúningi fyrir tökur á Ek Haseen Mulakat, þætti sem byggir á dæmisögum Jesú og verður tekinn upp í þorpum í nágrenninu. Önnur vinna að gamanþáttaröð sem gerist í Faisalabad eða semja lög fyrir nýja þáttaröð barnaefnis í Karachi.

Starfsnemar hjá PAK-7 fá greidd laun. Það gerir fólki bæði frá efnaminni og efnameiri fjölskyldum kleift að framfleyta sér meðan á starfsnáminu stendur.

Pak7.org. (2026). Nine New Light-Bearers. pak7.org/light

Gleðileg jól!



Já, gleðileg jól! Er nokkuð of snemmt að óska gleðilegra jóla?

Sannarlega gleðjumst við yfir jólunum. Við gleðjumst yfir veisluhöldum, tilbreytingu og velgjörðum. Það veitir okkur ánægju að gleðja aðra. Við gleðjumst yfir því að sól tekur að hækka á lofti og hún gefur fyrirheit um vor í vetrarlok.

Við gleðjumst yfir Jesúbarninu. Já, þvílík gleði að eiga Jesú! Hann er engum líkur. Að Guð sjálfur skyldi líta til okkar í kærleika og náð og vera tilbúinn að koma og deila með okkur kjörum er ofar okkar skilningi. Þeir sem hafa fengið að reyna mátt hans og kærleika verða ekki samir. Það er heilagur andi í brjósti okkar sem gleðst yfir verki Guðs, sem knýr okkur til að sjá meðbróður okkar og gefur okkur djörfungina til að benda öðrum á Krist.

Við skiljum líklega aldrei með okkar mannlega skilningi hvað felst í komu Krists í heiminn. Við vitum þó að Guð sjálfur kom til að frelsa okkur frá valdi myrkursins og flytja okkur yfir í ríki síns elskaða sonar.

Góður Guð gefi þér og þínum gleðileg jól!

Sigríður Schram

Ég veit það ei, hví hann sem englar heiðra
af hjarta skuli elska breyska menn,
né hví sem hirðir leiti hinna týndu
og heim þá leiði' er villtust burt af leið.
En eitt ég veit, að María hans móðir,
hann mjúkhent lagði' í jötu' í Betlehem
sem síðar bjó í Nasaret við störf sín.
Já, svona kom hann, frelsarinn, í þennan heim.

Ég veit það ei, hve þögull hann mjög þjáðist
er þessum táradal gaf friðinn sinn,
né hversu mjög hans hjarta brast á krossi
með höfuð þyrnikrýnt af okkar synd.
En eitt ég veit, að hann fær læknað hjörtun
og hreinsað synd og sefað ótta minn
og létt af þeirri byrði' er þung er orðin.
Já, þannig vill hann frelsari nú vera þinn.

Ég veit ei hvernig hann mun vinna heiminn,
né hvernig hann fær arfleifð sína heim,
né uppfyllt þörf og innstu þrá og löngun
hjá þjóðum heims, já, hverja bón frá þeim.
En eitt ég veit að allir sjá hann koma
og uppskera allt það sem sáði hann.
Á degi þeim mun þvílík dýrð hans ljóma
er þekktur verður freslarinn sem sigur vann.

Ég veit ei hvernig löndin fá hann lofað
er lægir vind og sjó að beiðni hans,
hver geti tjáð þá gleði' er völdin tekur
er gæska fyllir hjarta sérhvers manns.
En eitt ég veit, að loftið fyllist lofsöng
er lofgjörð syngur skarinn mikli þá,
og endurómar jörðin sigursönginn
er síðast hyllir frelsara sinn Guði hjá.

Sálmur eftir William Young Fullerton
í þýðingu Guðlaugs Gunnarssonar.
Hægt er að syngja hann við
lagið Londonderry air.

Jólagjöf til kristniboðsins

Eins og mörg undanfarin ár birtast valkröfur að upphæð 5.000 kr. í heimabönkum áskrifenda Kristniboðsfrétta í aðdraganda jólanna. Valkrafan er send til hvatningar og til að auðvelda gjöf til kristniboðsins.

Vilji einhver gefa minna eða meira er reikningur SÍK nr. 0117-26-002800 og kennitalan 550269-4149.

Eins er hægt að gerast mánaðarlegur bakhjarl með því að stofna fastar mánaðarlegar greiðslur til starfsins. Til þess að gera það er best að stofna greiðslurnar í heimabanka. Þar getur þú valið upphæð sem millifærist sjálfkrafa mánaðarlega á starfið.

Einnig er hægt að senda tölvupóst á sik@sik.is með eftirfarandi upplýsingum: fullu nafni, kennitölu, netfangi og síma; upphæð sem þú ætlar að styrkja með og hvort þú viljir gera það mánaðarlega, árlega eða í eitt skipti. Upphæðin verður síðan send í heimabanka.

Gjafa- og minningakort

Falleg minningakort fást á skrifstofu Kristniboðssambandsins og á Basarnum í Austurveri. Minningarkort eru góð leið til að minnast ástvina og um leið að láta gott af sér leiða með því að styrkja kristniboðið.

Kortin er einnig hægt að panta með því að hringja á skrifstofu SÍK, sími 533 4900, eða senda tölvupóst á netfangið sik@sik.is.

Einnig fást gjafakort til styrktar ákveðnum starfsþáttum kristniboðsstarfsins. Hægt er að styrkja lestrarkennslu, trúboð, útvarps og sjónvarpssendingar, menntamál o.fl. Þú skrifar kveðju til viðtakanda kortsins og kristniboðið notar andvirðið til góðra málefna.



Ný skólabygging My Sisters í Eþíópíu

Þann 4. október sl. ríkti mikil gleði hjá My Sisters í Eþíópíu, en þá var opnunarhátíð og vígsla nýrrar skólabyggingar sem lengi hefur verið beðið eftir. Byggingarframkvæmdir hófust árið 2020 og verkefnið því tekið um fjögur ár enda afar vegleg og stór bygging sem rýma þarf allt það mikla og góða starf sem My Sisters samtökin vilja geta sinnt.

Samtökin þakka öllum stuðningsaðilum sínum fyrir að hafa gert þetta að veruleika. Þessi bygging mun hjálpa fleirum að losna úr sárri fátækt, því með henni opnast ný pláss fyrir konur sem þurfa stuðning. Áður gátu samtökin tekið við 90 konum en nú munu þau geta tekið við 200 konum!



My Sisters samtökin eiga upptök sín allt til ársins 1969 en hin norska Marit Bakke tók sig þá til og hóf að sinna konum í erfiðri stöðu í Addis Ababa í Eþíópíu. Hún sá fljótt að hægt yrði að sigrast á fátækt ef konur fengju meiri stuðning. Markmiðið var að gera konur sjálfstæðar og valdefla þær með því að hjálpa þeim til sjálfshjálpar þannig að þær gætu skapað sér örugga framtíð með menntun og vinnu. Árið 1994 voru síðan My Sisters Women's Welfare Association formlega stofnuð (My Sisters velferðarsamtök fyrir konur). Í dag starfa um 45 hjá þessum samtökum sem breytt hafa lífum fjölmargra kvenna og fjölskyldna þeirra.

My Sisters reka í dag fjóra leikskóla þar sem börn fátækra kvenna fá umönnun, fríar máltíðir og hrein föt. Á meðan börnin eru á leikskóla hljóta mæðurnar menntun eða sinna vinnu. Fjölskyldur kvennanna fá einnig mat í gegnum matarúthlutanir. My Sisters býður konunum upp á starfsnám í hárgreiðslu og barnagæslu og styðja þær sem hafa viðskiptahugmyndir með stofnfé ásamt menntun í rekstri fyrirtækja. Einnig eru námsstyrkir fyrir ungmenni til skólagöngu og háskólanáms. Að auki fá fjölskyldurnar og aðrir sem búa í grennd við samtökin fría heilsugæslu í aðalstöðvum My Sisters.

My Sisters sinna þannig afar mikilvægu, víðtæku og góðu starfi sem bjargað hefur mörgum fjölskyldum úr sárri fátækt og vert er að leggja því lið. Þessi nýja bygging á því sannarlega eftir að koma sér vel.

Nánar var fjallað um starf My Sisters í síðasta blaði Kristniboðsfrétta, 1. tbl. 2026: https://sik.is/kristnibodsfrettir/

Einnig er hægt að fylgjast með starfi samtakanna á Facebook og lesa þar reynslusögur kvenna: www.facebook.com/MySistersWomensWelfareAssociation

Bryndís Böðvarsdóttir



Lykilorð 2027
lykilord.is

Lykilorð færa þér texta úr Biblíunni, vers fyrir hvern dag ársins, því Guð vill tala til þín úr orði sínu.

KILJA til sölu á Netinu og í næstu bókabúð.

Rafbók fylgir frítt með hverri keyptri kilju.

Hljóðvarp Textar dagsins lesnir upp.

Samfélagsmiðlar og þeim deilt og tíst.

Fylgdu okkur eftir, hlustaðu, lestu!

Velkomin á uppbyggilegar samkomur!

Á hverjum miðvikudegi heldur Kristniboðssambandið samkomur í Kristniboðssalnum, Háaleitisbraut 58–60, 3. hæð. Samkomurnar eru hugsaðar til að byggja upp trúarlíf einstaklinga með biblíulegri fræðslu og innihaldsríkum söngvum, fá fréttir af kristniboðinu og tækifæri til að styðja við það. Samkomurnar hefjast kl. 20:00.

Dagskráin framundan er eftirfarandi:
11. nóvember: Fræðsla um Pál postula og þjónustuna við Guð, í umsjón Gunnars Jóhannesar Gunnarssonar.
18. nóvember: Biblíulestur úr Gal 5:2-6:18 um baráttu holds og anda, í umsjón Ólafs Jóhannssonar.
25. nóvember: Margrét Jóhannesdóttir fjallar um ofsóttu kirkjuna út frá Lúk 21:12–19. Frásagnir frá Sýrlandi.
2. desember: Guðlaugur Gunnarsson fjallar um aðventuna og endurkomu Krists út frá Lúk 21:25-36.
9. desember: Haraldur Jóhannsson talar um náðarár Drottins út frá Lúk 4:14–30.
16. desember: Jólasöngvar með hugleiðingu um englana og velþóknun Guðs út frá Lúk 2:13–14
23. desember: Engin samkoma.
30. desember: Nú árið er liðið. Sigríður Schram flytur hugleiðingu.
6. janúar 2027: Janet Sewell og Mehran Mohammadrezai verða gestir samkomunnar og segja frá starfi sínu í London.

Kristniboðsdagurinn

Kristniboðsdagurinn er alltaf haldinn annan sunnudag í nóvember. Að þessu sinni ber hann upp á 8. nóv. Útvarpsguðsþjónusta verður frá Digraneskirkju með kristniboðsþema. Sigríður Schram prédikar. Bjarni Gunnarsson og Helga Vilborg Sigurjónsdóttir sjá um tónlist þar sem áhersla verður á kristniboðssöngva. Hlusta má á guðsþjónustuna í Sarpi RÚV eftir á.

Kristniboðsvika 2027

Kristniboðsvika í Reykjavík er fyrirhuguð 28. febrúar – 7. mars 2027.



Kristniboðsalmanakið 2027

Kristniboðsalmanakið 2027 er komið út og má nálgast það í flestum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu og helstu þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni. Eins má nálgast það á skrifstofu SÍK og á Basarnum. Almanakið er skreytt myndum frá kristniboðsakrinum og er gefið út í samstarfi við Lífsmótun, útgefanda Lykilorða.



Viltu bóka kristniboðskynningu?

Starfsfólk Kristniboðssambandsins hefur ánægju af því að kynna starfið fyrir áhugasömum. Í vor hefur starfið m.a. verið kynnt á Aglow-fundi í Garðabæ og í eldriborgarastarfi kirkjunnar í Borgum og Bústaðakirkju. Hægt er að óska eftir kynningu með því að hafa samband við skrifstofuna í síma 553-4900 eða með tölvupósti á sik@sik.is.

bjarmi



Í 120 ár hefur Bjarmi, tímarit um kristna trú, komið út. Það hefur flutt fréttir af akri Drottins innanlands sem utan, fært lesendum upp-örvandi hugvekjur og varpað ljósi á stefnur og strauma innan kirkju og í samfélaginu, í samtíma jafnt og sögu. Viðtöl, vitnisburðir og margt fleira.

Ert þú ekki örugglega áskrifandi?

Hægt er að gerast áskrifandi á vefsíðunni bjarmi.is,
í síma 533-4900 eða með tölvupósti á bjarmi@bjarmi.is.
Pappírsáskrift kostar 6.100 kr. á ári og rafræn áskrift 3.300.
Þrjú tölublöð koma út árlega.